

HÖNN1SF05

Búið til: Wed, 22 Feb 2023 08:57:24 GMT

Titill

Stafræn fatahönnun

Skammstöfun

HÖNN1SF05

Útgáfunúmer

21

Námsgrein

hönnun

Viðfangsefni

Stafræn fatahönnun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Markmið áfangans er að skapa vettvang fyrir hugmyndavinnu, lausnaleit og nýsköpun með því að skoða möguleika stafrænnar hönnunar með umhverfissjónarmið og sjálfbærni að leiðarljósi. Unnið er með sjón-ræna þætti eins og teikn-ingu, liti og form, rann-sóknir á umhverfi og sam-fé-lagi og út frá viðmiðum og tækifærum í atvinnulífinu.

Nemendur nota hönnunarforrit og skoða og þjálfá viðmót og helstu verkfæri þess. Farið er í gegnum vinnuferli stafrænnar fatahönnunar og kynntar leiðir til að þjálfá og ná leikni í tiskuteikningu og flötum vector-vinnuteikningum. Áhersla er á per-sónu-lega sýn í verk-efna-vinnu.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ábyrgð og sjálfbærni í fatahönnun
- helstu aðgerðum hjá hönnuðum og fyrirtækjum til að sporna gegn soun
- viðmóti og helstu verkfærum forritsins
- hvernig tvívídd yfirfærir í þrívídd í forriti
- helstu málsetningum í sniðagerð
- fjölbreyttri hugmyndavinnu
- aðferðafræði hönnunar
- stafrænu hönnunarferli með það markmið að draga úr vistsporum í tískuheiminum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota forrit til að beita grunnfærni í tiskuteikningu
- nota forrit til að teikna snið með vector-vinnuteikningum
- flokka og vista verkefni á aðgengilegan hátt
- skipuleggja verkferla í forritinu
- taka líkamsmál og yfirfæra á stafrænt Avatar
- sjá fyrir sér hugmynd og útfæra hana í máli og myndum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum
- sýna frumkvæði og frumlega útfærslu í verkefnavinnu
- sauma einfaldar flíkur á stafrænu formi
- geta tjáð sig á skýran og ábyrgan hátt um eigin verk og annarra

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati yfir áfangann. Öll vinna, þátttaka og verkefni í áfanganum gilda til einkunnar

Skólar

Fyrirmynd